

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Ellert Jónsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Föstudaginn 26. september 1974.

Nr. 131/1973: **Samvinnutryggingar**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Guðmundi Jónssyni og gagnsök

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Endurkrafa váttryggingarfélags samkvæmt 73. gr. laga nr. 26/1958.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1973. Krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 85.960.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. febrúar 1967 til 16. maí 1973 og 1½% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. nóvember 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. nóvember s. á. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu. Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi, Guðmundur Jónsson, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Samvinnutrygginga, í máli þessu. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 4. þ. m., hafa Samvinnutryggingar g/t höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 5. september 1970, á hendur Guðmundi Jónssyni, Laugarbraut 18, Akranesi, til greiðslu á kr. 85.960.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. febrúar 1967 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda, en til vara, að fjárhæð dómkröfunnar verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að miðvikudaginn 23. nóvember 1966 ók stefndi bifreið sinni, E 644, eftir Vesturlandsvegi frá Reykjavík. Í sama mund var bifreiðinni R 17998 ekið eftir Vesturlandsvegi í átt til Reykjavíkur. Við Smálönd varð árekstur á milli bifreiðanna. Lögreglumenn komu á vettvang. Tóku þeir skýrslur af öku-
mönnum og gerðu uppdrátt af vettvangi. Skýrslan er svohljóðandi:

„Áreksturinn varð með þeim hætti, að E 644 var að aka úr bæn-
um, en R 17998 var á leið til bæjarins. Rétt áður en bifreiðarnar
mættust, missti ökumaður E 644 vald á bifreið sinni vegna mikill-
ar hálfu, og rann hún alllangan spöl stjórnlaust eftir veginum,
en snerist síðan og rann yfir til hægri og lenti þá á R 17998, sem
kom á móti. Varð áreksturinn harður, og slasaðist farþegi, Jó-
hannes Sigvaldason, er var í bifreiðinni R 17998, á öxl og var
fluttur á Slysavarðstofuna. Ökumaður E 644 kvaðst hafa ekið í
ca. 40—50 km hraða. Bifreiðin var keðjulaus, en á allgóðum
dekkjum. Ökumaður kvaðst hafa ekið með framdrifi. Ökumaður
R 17998 kvaðst hafa ekið mjög hægt vegna hálkunnar og vegna
þess, að bifreiðin hans var keðjulaus. Hann kvaðst ekki hafa séð
neitt athugavert við akstur E 644, fyrr en hann snerist allt í einu

til á veginum. Farþegi í E 644 var Eysteinn Jónsson, Gufunesi. Skemmdir á E 644 voru sjáanlegar: Vinstra fram- og afturbretti beyglað, framfjöður brotin. Á R 17998 voru sjáanlegar skemmdir: Mikið beygluð að framan og hægri hlið meira og minna beygluð.“

Yfirborð vegarins þarna er malarborið, en samkvæmt skýrslunni var hálka á veginum. Undir rekstri málsins hefur komið fram af hálfu aðilja, að ágreiningslaust sé, að áreksturinn hafi orðið laust fyrir klukkan 2147 umræddan dag. Samkvæmt uppdrætti þeim, sem gerður var af vettvangi, hefur áreksturinn orðið lítið eitt vestan við vegamót Vesturlandsvegar og vegar, sem liggur að geymslusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Samkvæmt uppdrættinum eru hemlaför eftir E 644 rúmlega 40 m löng, og hefur bifreiðin snúist inn á veginn og til vesturs og að nokkru yfir á syðri vegarhelming. Á uppdrættinum er afturhluti bifreiðarinnar R 17998 út af veginum að sunnanverðu. Ekki sýnir uppdrátturinn hemlaför eftir þá bifreið.

Við áreksturinn urðu verulegar skemmdir á bifreiðinni R 17998. Stefnandi, sem var ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar E 644, greiddi eiganda R 17998 verðmæti hennar í peningum, kr. 105.000.00. Var það byggt á því, að stefndi ætti alla sök á árekstrinum og að bifreiðin væri svo mikið skemmd, að eigandi hennar yrði eigi látinn sæta því, að viðgerð færi fram á henni. Var bifreiðin síðan seld í því ástandi, sem hún var í eftir áreksturinn, og var söluverð hennar kr. 20.000.00. Kostnaður stefnanda við flutning bifreiðarinnar og umskráningu nam kr. 960.00. Stefnandi kveður mismun þessara fjárhæða, þ.e. kr. 105.960.00 ÷ 20.000.00, vera fjárhæð þá, sem stefndi sé endurkrafinn um í málinu, en með úrskurði endurkröfunefndar samkvæmt 76. gr. umferðarlaga, uppkveðnum hinn 3. október 1968, hafi nefndin talið rétt að beita endurkröfu, en heimilað hafi hún niðurfærslu með tilliti til atvika.

Við skýrslugjöf hjá rannsóknarlögreglunni kvað stefndi Guðmundur uppdráttinn réttan, en taldi, að bifreið sín hefði runnið meir yfir á hægri vegarhelming en sýnt er á uppdrættinum og hafi verið greinileg för eftir hana á hægri vegarbrún. Kvað hann rétt eftir sér haft í skýrslu lögreglunnar. Kvaðst hann hafa misst stjórn á bifreiðinni, þar sem hemlaförin hefjast, og hafi bifreiðin runnið stjórnlaust og snúist að lokum, þar til áreksturinn varð. Kvað hann hraða bifreiðar sinnar hafa verið eins og hann hafi skýrt frá á árekstrarstaðnum og ekki yfir það. Við skýrslugjöf fyrir rannsóknarlögreglunni kvað ökumaður R 17998, Karel Guð-

mundsson, uppdráttinn og skýrslu lögreglunnar í megindráttum rétt. Hann kvað ökumann hinnar bifreiðarinnar hafa skýrt lög-reglumönnunum frá því, að hraði þeirrar bifreiðar hefði verið 50—60 km, en svo hafi hann beðið um, að þessu yrði breytt, eftir að hann hafði talað við farþegann, sem með honum var í bifreiðinni. Karel kveður bifreiðina E 644 hafa runnið mun lengra eftir áreksturinn en uppdrátturinn sýni. Karel kvaðst ekkert hafa séð athuga-vert við akstur bifreiðarinnar E 644, fyrr en rétt áður en bifreið-arnar voru að mætast. Þá hafi E 644 snúist á veginum og bifreiðin þá alveg farið út á vegarhelming þann, sem hann, þ. e. Karel, ók eftir. Karel kvaðst hafa ekið alveg úti við vinstri vegarbrún sín megin, þar sem hann hafi séð, að hinni bifreiðinni hafi verið ekið það innanlega á veginum, en bifreiðin hafi snúist það snögg og komið alveg fyrir bifreið hans, að ekkert hafi verið hægt að gera til að koma í veg fyrir áreksturinn. Karel kvaðst hafa fengið högg á vinstri hönd af stýrishjóli bifreiðar sinnar, þar sem höggið, sem kom á bifreiðina, hafi verið mjög mikið. Við það hafi bifreiðin kastast út að framan, en síðan hafi höggið lent aftast á bifreiðinni og við það hafi hún kastast út að aftan. Karel kvað eiganda bifreiðarinnar hafa setið við hlið sér í framsæti bifreiðarinnar og hafi hann farið úr vinstri axlarlið við áreksturinn. Karel kvað bifreið þá, sem hann ók, hafa verið á snjóhjólbörðum að aftan og hafi annar verið með nöglum.

Hér fyrir dómi hefur stefndi skýrt svo frá, að hann hafi ekið þessa sömu leið um tveimur tímum áður en atburður þessi varð, þá á leið frá Gufunesi til Reykjavíkur. Kveður hann hálku ekki hafa verið þá. Á leiðinni til baka kveðst hann hafa ekið upp Elliða-árbrekkuna hindrunarlaust og hafi þá ísing verið að myndast, en hún hafi ekki verið orðin það mikil, að hún háði bifreiðinni og hafi hann því ekki séð ástæðu til að skipta yfir á afturdrif bifreiðarinnar. Hann kveðst heldur ekki telja það mikinn mun að keyra á afturdrifinu eða háa drifinu á framhjólunum, að það hafi skipt neinu máli. Er hann kom að svæði því, þar sem áreksturinn varð, kveður hann ísingu hafa verið komna á veginn og hafi hann verið orðinn flugháll. Kveðst hann hafa furðað sig á því, hversu fljótt hálka hefði myndast. Stefndi kveður bifreið, sem á undan var, hafa gefið stefnuljós til vinstri og hafi hann af þeim sökum ætlað að hægja á sér og í því skyni stigið á fóthemilinn, en við það hafi bifreiðin runnið áfram, en að lokum hafi hún runnið yfir á hægri vegarhelming, stöðvast og snúist við og hafi bifreiðin verið stöðvuð, er áreksturinn varð. Stefndi kveður það því hafa

verið bifreiðina R 17998, sem ekið hafi verið á sína bifreið. Á þessum stað kveður stefndi brekku hafa verið á veginum niður á við miðað við akstursstefnu sína og einnig hafi vegurinn hallað yfir á hægri vegarhelming. Stefndi kveður bifreið sína hafa verið á grófrifluðum hjólbörðum á öllum hjólum og hafi þetta verið alveg nýir bjólbarðar. Stefndi kveður það ekki hafa verið, fyrr en rétt áður en bifreið hans stöðvaðist, sem hann hafi orðið var við bifreiðina R 17998, enda kveðst hann aðallega hafa beint athyglinni að bifreiðinni, sem var á undan og ætlaði að beygja til vinstri.

Vitnið Eysteinn Jónsson, bróðir stefnda, sem var farþegi í bifreið hans, hefur skýrt svo frá, að þeir hafi verið að koma úr Reykjavík og hafi verið á leið inn í Gufunes. Eysteinn kveður þá hafa ekið þessa sömu leið um tveimur klukkutímum áður, þá á leið til Reykjavíkur, og hafi þá ekkert verið að athuga við færið, en er þeir óku þessa leið nú, kveður hann sér hafa virst sem ísing hefði myndast á veginum þarna á kafla á hæðinni, þar sem bifreiðin ók yfir, skömmu áður en áreksturinn varð. Eysteinn kveðst ekki telja, að hraði bifreiðarinnar hafi verið meiri en 35 km á klukkustund. Hann kveður sig minna, að bifreið hafi verið ekið á undan þeim, en kveðst ekki treysta sér til að gera grein fyrir akstri þeirrar bifreiðar. Hann kveðst hafa séð bifreið koma á móti, en kveðst ekki geta gert nánari grein fyrir akstri hennar. Kveðst hann aðeins hafa séð ljós þeirrar bifreiðar. Eysteinn kveður bifreiðina, sem hann var í, hafa verið stöðvaða, áður en áreksturinn varð, og hafi það því verið bifreiðin, sem á móti kom, sem hafi ekið á hana.

Krafa stefnanda er byggð á því, að stefndi hafi valdið umræddum árekstri með bersýnilega stórkostlega gálausum akstri. Er því haldið fram, að bifreið stefnda hafi verið alveg vanbúin til aksturs í hálku, en sýnilegt sé, að mikil hálka hafi verið á veginum á þessum tíma, en með því hafi stefndi brotið ákvæði g liðar 5. gr. umferðarlaga. Er því og haldið fram, að með tilliti til þessa hafi stefndi ekið allt of hratt. Í þessu sambandi er því mótmælt af hálfu stefnanda, að hálkan, sem var á veginum, er áreksturinn varð, hafi myndast skyndilega. Afleiðing þessa hvors tveggja hafi orðið sú, að stefndi hafi ekkert vald haft yfir bifreiðinni á veginum og hafi hún runnið eftir hemlun langa vegalengd, án þess að stefndi fengi við nokkuð ráðið. Bifreiðin hafi því verið stórhættuleg annarri umferð um veginn. Er því haldið fram, að einsætt sé, að akstur stefnda hafi verið stórkostlega gálauslegur og því séu fyrir hendi skilyrði til endurkröfu af hálfu stefnanda á hendur

stefnda samkvæmt 73. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, enda hafi endurkröfunefnd samkvæmt 76. gr. umferðarlaga heimilað endurkröfuna.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að skilyrðum 73. gr. umferðarlaga fyrir beitingu endurkröfuréttar, þ. e. að tjóni hafi verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sé eigi til að dreifa í máli þessu. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að hann hafi ekið eftir veginum, um 2 klukkustundum áður en áreksturinn varð, þá á leið til Reykjavíkur, og hafi vegurinn þá með öllu verið auður og ísingarlaus. Stefndi hafi því ekki gert ráð fyrir svo mikilli hálfu þarna, þegar hann nú þurfti að beita hemlum vegna aksturs bifreiðar, sem á undan var. Er því og haldið fram, að stefndi hafi verið vel fyrir kallaður og hafi ekið undir lögleyfðum hámarkshraða. Þá er því haldið fram, að bifreið stefnda hafi verið stöðvuð, er áreksturinn varð, og það hafi því verið R 17998, sem ekið hafi á E 644 á mikilli ferð og án þess að ökumaður hennar beitti hemlum. Er og á það bent, að hjólbarðar R 17998 hafi verið mikið slitnir og án nagla. Er því haldið fram, að samkvæmt þessu sé ljóst, að áreksturinn hafi hvorki orðið fyrir ásetning stefnda né stórkostlegt gáleysi hans og því verði endurkröfurétti ekki beitt. Varakrafa stefnda er byggð á því, að beita beri heimild 73. gr. umferðarlaga til lækkunar á kröfu stefnanda, enda hafi endurkröfunefndin heimilað það. Í því efni beri að líta til þess, hversu sök stefnda sé lítil. Í því sambandi sé á það að líta, að beiting hemla í hálfu hafi jafnan nokkra hættu í för með sér og að bifreiðar geti runnið og snúist til, jafnvel þótt þær séu búnar snjókeðjum og snjóhjólbörðum. Þá er og á það bent, að ökumaður R 17998 hafi haft nægilegt rými til að aka fram hjá E 644, þar sem sú bifreið hafi stöðvast á veginum. Þá er bent á það, að stefndi hafi sjálfur orðið fyrir verulegu tjóni við atburðinn. Þá er og á það bent, að endanlegar tjónbætur séu aðeins lítið brot af fjárhæð ábyrgðartryggingar þeirrar, sem bifreiðaeigendum hafi verið skylt að kaupa samkvæmt 70. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1965. Þá er að lokum á það bent af hálfu stefnda, að saksóknari ríkisins hafi heimilað, að máli stefnda, að því er varðar refsíábyrgð, væri lokið með sátt, og með sátt í sakadómi Akraness hinn 1. apríl 1967 hafi stefnda verið gert að greiða kr. 1.000.00 í ríkissjóð, en brot hans talið varða við 219. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr., b lið og i lið, 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Af þessu sé ljóst, að af hálfu þessara aðilja hafi ekki verið litið svo á, að um stórkostlegt gáleysi væri að ræða.

Samkvæmt sakavottorði stefnda hafði hann hvorki sætt ákæru né refsingu, er hann gekkst undir dómssátt í sakadómi Akraness út af atburði þessum.

Í málinu er fram komið vottorð Veðurstofu Íslands um veður á Reykjavíkurlflugvelli hinn 23. nóvember 1966, en það mun vera næsta veðurathugunarstöð við stað þann, er umræddur atburður varð. Samkvæmt því var veður klukkan 0800 skýjað og hiti 0.7° , klukkan 1100 úrkoma í grennd og hiti 0.6° , klukkan 1400 snjóél og hiti -0.1° , klukkan 1700 snjó- eða slydduveður á síðustu klukkustund og hiti -0.4° , klukkan 2000 snjó- eða slydduél á síðustu klukkustund og hiti -1.6° og klukkan 2300 snjóél og hiti -1.4° .

Þótt það sé þekkt fyrirbæri, að hálka vegna ísingar geti myndast á tiltölulega stuttum tíma, þá verður eigi fallist á það sjónarmið stefnda, að hálka sú, sem var á veginum, er umræddur atburður varð, hafi myndast svo skyndilega, að stefndi hafi ekki getað tekið tillit til hennar við akstur bifreiðar sinnar. Það verður að telja ljóst, að aðstæður hafi verið slíkar, að stefndi hafi þurft að sýna mikla varkárni við akstur bifreiðar sinnar, sem ekki var búin snjókeðjum, og þá m. a. stilla hraða hennar í hóf. Því hefur eigi verið haldið fram, að stefndi hafi ekið yfir lögleyfðum hámarkshraða, en með hliðsjón af hemlaförum eftir bifreiðina, sem mældust rúmir 40 m, hafi stefndi ekið of hratt miðað við aðstæður, hver svo sem hraðinn raunverulega var, og að hann hafi misst stjórn á bifreiðinni, er rann svo yfir á syðri vegarhelming í veg fyrir bifreiðina R 17998, sem á móti kom. Samkvæmt því er ljóst, að orsök árekstrarins verður rakin til gáleysis stefnda, en eigi þykir nægilega fram komið, að stefndi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 73. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Samvinnutrygginga g/t, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.